

Nr. 19-149 S 089 Eyja NS 88***Leki í vélarúmi***

Skipaskr.nr. 6261
Útgerð: Jökulheimar ehf.
Smíðaður: Mótun, 1981, trefjaplast.
Stærð: 5,52 brl. 5,11 bt.
Mesta lengd: 8,17 m *Skráð lengd:* 8,15 m
Breidd: 2,48 m *Dýpt:* 1,45 m
Vél: Volvo Penta, 119 kw, 2003.
Fjöldi skipverja: 1



Eyja©Arnbjörn Eiríksson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. október 2019 var Eyja NS 88 á handfæraveiðum á Bakkaflóa suður af Langanesi. Veður: SSA 6 m/sek.

Á landleið varð skipverjinn var við óhljóð og titring frá vélrúminu. Við skoðun kom í ljós að töluverður leki var inn í vélarúmið með skrúfuöxulþéttinu. Óskað var eftir aðstoð og dró Tóti NS 36 Eyju til hafnar á Bakkafirði.

Við rannsókn kom fram:

- að gafflegan í skut fyrir hældrifið brotnaði og orsakaði titringinn. Í framhaldi fór að leka inn með legunni þar sem hún var undir sjólinu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.